



SEEDS - Sjálfbóðaliðar umhverfis landið

Grettisgata 3a

101 Reykjavík

Ísland

www.seeds.is

seeds@seeds.is

Phone: +354-7713300

SEEDS kynnir spennandi verkefni á **Sikiley, Ítalíu!**

Hefur þú áhuga á að ferðast, kynnast nýju fólki og annari menningu á skemmtilegan og uppbyggilegan hátt?

SEEDS mun senda fimm Íslendinga á aldrinum 18-25 ára til þátttöku í ungmennaskiptunum „**Mafia is a mountain of shit: 100 steps of volunteering**” sem mun fara fram í borginni Cinisi á Sikiley, Ítalíu.

Hefur þú áhuga á að taka þátt?

Hvenær: 29.06. - 09.07.2013

Umsóknarfrestur: Til miðnættis sunnudaginn 9. júní, 2013.

Þema og markmið ungmennaskiptanna:

Þessi ungmennaskipti eru haldin samstarfi við ítölsku samtökin ICARUS en þau standa reglulega fyrir fróðlegum á áhugaverðum ungmennaskiptum á Ítalíu. Að þessu sinni fer verkefnið fram á Sikiley sem lengi hefur haft þann vafasama heidur að vera höfuðstaður mafiunnar og skipulagðrar glæpastarfsemi á Ítalíu. Þátttakendur munu fræðast um sögu mafiunnar á Sikiley og þá einstaklinga og samtök sem hafa háð baráttu gegn mafíunni og hennar starfsemi. Sérstök áhersla verður lögð á Peppino Impastato, ungan baráttumann sem var myrtur árið 1978 í Cinisi en hann, auk móður sinnar, hefur orðið tákngervingur fyrir þá hugrökku einstaklinga sem þora að berjast fyrir því sem þeir telja rétt, meðvitaðir um þá persónulegu áhættu sem því fylgir.

Þátttakendur munu meðal annars fara í skoðunarferðir um borgina og heimsækja Casa Memoria sem var heimili Impastato fjölskyldunnar og hús Tano Badalamenti, eins alræmdasta mafíu foringja Ítalíu á 8. og 9. áratug síðustu aldar.

Markmið ungmennaskiptanna er að fræðast um virkan borgararétt, þ.e. hvað einstaklingurinn getur gert til að hafa áhrif í samfélagi sínu – til dæmis með ungmennastarfi og/eða sjálfbóðaliðastarfi sem vinnur gegn óréttlæti, fordómum eða öðrum málefnum sem hann snerta. Þátttakendur munu einnig vinna að ljósmyndasýningu sem mun fara fram undir lok verkefnisins og tengjast þema ungmennaskiptanna.

Tungumál verkefnisins: Ungmennaskiptin munu fara fram á ensku og þátttakendur þurfa að hafa gott vald á talaðri ensku.

Þátttökulönd auk Íslands: Eistland, Finnland, Ítalía og Portúgal.

Fjöldi þátttakenda: 5 þátttakendur frá hverju landi á aldrinum 18-25 ára.

Aðstaða: Verkefnið fer fram í strandbænum Cinisi. Þátttakendur munu gista í svefnpokaplássum.

Skilyrði til þátttöku:

- Áhugi á að taka þátt í verkefnum þar sem stuðst er við óformlega kennsluhætti.
- Áhugi á málefnum sem tengjast virkum borgararétti
- Áhugi á að deila reynslu sinni og lærdómi verkefnisins með SEEDS eftir heimkomu.
- Þátttakendur skuldbinda sig til að vera virkir þátttakendur í verkefninu frá upphafi þess til loka.



SEEDS - Sjálfbærliðar umhverfis landið

Grettisgata 3a

101 Reykjavík

Ísland

www.seeds.is

seeds@seeds.is

Phone: +354-7713300

Kostnaður: SEEDS hefur hlotið styrk til þátttöku í verkefninu frá Youth in Action, ungmennaáæltun Evrópusambandsins. Þátttakendum mun því verða séð fyrir fæði og húsnæði á meðan á verkefninu stendur.

Þátttakendur munu að auki fá 70% af ferðakostnaði vegna ungmennaskiptanna endurgreiddan eftir heimkomu, þó að hámarki 770€ (Evrur) fyrir hvern þátttakanda, þegar öllum ferðagögnum hefur verið skilað til SEEDS og greiðsla hefur borist frá landskrifstofu Evrópusambandsins í því landi sem ferðast var til.

Þeir umsækjendur sem valdir verða til þátttöku greiða umsýslu- og staðfestingargjald SEEDS sem er 20.000 kr.. Þeir sem ekki verða valdir að þessu sinni greiða ekkert gjald.

Gjaldið fæst ekki endurgreitt, jafnvel þó þátttakandi þurfi að hætta við ferðina.

Umsóknareyðublað fyrir ungmennaskiptin er að finna á:

<http://www.seeds.is/files/SEEDS-umsoknarform.doc>

Áhugasamir eru beðnir um að fylla eyðublaðið út á ensku og senda það á outgoing@seeds.is fyrir miðnætti þann **9. júní 2013**. Hafið í huga að þegar okkur berast margar umsóknir skiptir innihald umsóknarinnar miklu máli við val þá þátttakendum.

Nánari upplýsingar um verkefnið veitir Unnur Silfá Eyfells, verkefnastjóri hjá SEEDS, á netfanginu outgoing@seeds.is eða í síma 845 0766.

Upplýsingar um SEEDS og starfsemi samtakanna er að finna á heimasíðu okkar, www.seeds.is

